

## Samþykktir fyrir Öldungadeild Skýrslutæknifélags Íslands

samþykktar á stofnfundi 22. júní 2004,

3. gr. breytt á skýrslufundi 19. janúar 2006.

1. gr.

Öldungadeild Skýrslutæknifélags Íslands er faghópur innan félagsins og starfar eftir reglum þess um faghópa, sjá viðauka.

2. gr.

Tilgangur og verkefni faghópsins er varðveisla sögulegra gagna og heimilda, í hvaða formi sem er, um vélræna gagnavinnslu og notkun upplýsingatækni á Íslandi. Þetta felur meðal annars í sér að skrá sögu upplýsingatækninnar og að stuðla að því að varðveittur verði búnaður sem þýðingu hefur fyrir söguna.

3. gr.

Halda skal að minnsta kosti einn almennan fund árlega, í tæka tíð fyrir aðalfund SKÝ. Kallast hann skýrslufundur og hefur á dagskrá tvo fasta liði auk annarra mála, frágang skýrslu til stjórnar SKÝ og stjórnarkjör. Stjórnin nefnist öldungaráð og er kosin til eins árs í senn. Öldungaráð skipa 5 menn, formaður og fjórir meðstjórnendur, sem skipta með sér verkum eftir þörfum.

4. gr.

Félagar geta allir orðið sem unnið hafa 25 ár eða lengur á sviði upplýsingatækni. Undantekningar frá þessu ákvæði má gera vegna sérstakra verðleika sem metnir verða af öldungaráði.

5. gr.

Félagar skulu samkvæmt reglum SKÝ um faghópa vera félagar í Skýrslutæknifélagi Íslands og greiða þar tilskilin félagsgjöld. Ekki skulu greidd sérstök félagsgjöld í öldungadeild. Þurfi deildin á fjármunum að halda til ákveðinna verkefna skal þeirra aflað hverju sinni með tiltækum ráðum.

6. gr.

Framlag hvers og eins félaga til framfylgdar markmiðum félagsins fer eftir vilja og getu, en hvatningu öldungaráðs um vinnuframlag í þágu markmiða þess skal tekið með jákvæðu hugarfari.

## Reglur SKÝ um faghópa

Faghópar Skýrslutæknifélags Íslands starfa á sérstökum, afmörkuðum sviðum og skapa félögum vettvang til kynninga, skoðanaskipta og framkvæmda. Hóparnir starfa sjálfstætt í samráði við stjórn Ský. Ávinningur af samstarfi við Ský er m.a. sú margvíslega sérþekking sem er að finna innan félagsins, erlend tengsl og aðstaða og aðstoð sem félagið getur veitt faghópum.

### Réttindi faghópa eru:

- a) Skrifstofa Ský getur annast fundaboðun.
- b) Ský getur lagt fram aðstöðu fyrir fundi og útvegum veitinga.
- c) Skrifstofa Ský getur séð um útsendingar til þátttakenda í faghópnum.
- d) Skrifstofa Ský svarar fyrirspurnum og gefur upplýsingar um starf faghópanna.
- e) Skrifstofa Ský veitir aðstoð við stærri viðburði.
- f) Aðgangur að tímariti félagsins, Tölvumálum, í samráði við ritstjórn þess.
- g) Aðgangur að heimasíðu félagsins, í samráði við framkvæmdastjóra.

**Skyldur faghópa eru:**

- a) Faghópar skulu starfa í samræmi við markmið Skýrslutæknifélags Íslands.
- b) Þátttakendur í faghópum eru meðlimir í Ský.
- c) Faghópar skila skýrslu um starf árlega, t.d. munnlega til stjórnar Ský og með grein í tímarit félagsins, Tölvumál.
- d) Telji faghópur æskilegt að einhver viðburður í starfi hans nái til fleiri en meðlima hópsins, gerir hann tillögu til stjórnar Ský ásamt ábendingu um heppilega tímasetningu. Stjórn Ský samræmir slíkar tillögur til þess að starfsemi verði sem hnitmiðuðust og felur faghóp síðan framkvæmd í samstarfi við fulltrúa stjórnar og framkvæmdastjóra eftir því sem ástæða er til.